

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 361. fundur

Föstudaginn 14. október 2022 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30. Fundurinn var haldinn að Hesthálsi 14.

#### Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT) í fjarfundi og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð, Sigríður Harðardóttir (SH), sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs og Elísa Kristmannsdóttir fjármálastjóri Strætó.

#### Dagskrá stjórnarfundar:

1. Fjárhagsáætlun 2023 til 2027
2. Staða dómsmáls
3. Næturstrætó
4. Önnur mál
  - a. Svarbréf til umboðsmanns barna

#### Tekið fyrir:

##### 1. Fjárhagsáætlun 2023 til 2027

Fyrir fundinum lá vinnuskjal um fjárhagsáætlun Strætó 2023 til 2027. Stillt er upp 2 sviðsmyndum með mismunandi mikilli hækkun á framlagi eigenda Strætó. Sviðsmynd 1 er framlag skv. útkomuspá hækkað um hækkun strætóvísitölu skv. þjóðhagsspá frá júní 2022. Niðurstaða er að handbært fé verður neikvætt á fyrri hluta árs. Sviðsmynd 2 er framlag skv. útkomuspá hækkað um helming af aukaframlagi ársins 2022. Niðurstaða er að handbært fé verður jákvætt út árið, en ekki verður fjárfest í nýjum vögnum umfram eftirstöðva græns láns sem eru um 100 m.kr.

Stjórn leggur áherslu á að áætlun sé með jákvætt eigið og að ofangreind sviðsmynd 2 sé lágmarksáætlun þar sem því viðmiði er ekki náð. Í henni er ekkert svigrúm til að bregðast við áföllum, greiða skuldir eða endurnýja búnað, hvað þá fara í orkuskipti eða umbætur á þjónustu. Niðurstaðan sýnir nauðsyn þess að fá aukin framlög til að tryggja rekstur Strætó til framtíðar. Skv. úttekt KPMG á fjárþörf Strætó vantar um 1,5 milljarð króna inn í reksturinn þannig að hann verði sjálfbær til framtíðar. Stjórn felur framkvæmdastjóra að stilla upp sviðsmynd með tvöföldu framlagi frá 2023 og senda á sveitarfélögin og leggja fyrir eigendafund Strætó.

Þá var rætt var um útvistun á akstri og nauðsyn þess í ljósi fjárhagsstöðu Strætó að taka þau mál til alvarlegrar skoðunar og fól framkvæmdastjóra að vinna að tillögu í samræmi við umræður á fundinum.

Framkvæmdastjóra var þá falið að koma með tillögu og útfærslu að fargjaldastefnu Strætó.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að boða til eigendafundar þar sem ræða á fjárhagsáætlun Strætó.

##### 2. Staða dómsmáls

Lagt fram trúnaðarmerkt skjal frá lögmanni félagsins. Stjórn samþykkti að fela lögmanni Strætó að ganga frá málinu.

### 3. Næturstrætó

---

Á stjórnarfundinum þann 4. júlí 2022 samþykkt stjórn að fara í tilraunaverkefni með næturstrætó til loka september 2022. Lagt var fram greining á notkun og kostnaði og er notkun undir væntingum. Í ljósi þess og fjárhagsstöðu Strætó samþykkir stjórn það sé ekki réttlætanlegt að halda áfram með næturstrætó og verður sú þjónusta hætt frá og með 16. október 2022.

### 4. Önnur mál

---

- a) Lagt var fram drög að svarbréfi til umboðsmanns barna. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 8:40

#### Fylgiskjöl: Tölugreining á næturstrætó

---

Magnús Örn Guðmundsson

---

Alexandra Briem

---

Andri Steinn Hilmarsson

---

Kristín Thoroddsen

---

Lovísa Jónsdóttir

---

Hrannar Bragi Eyjólfsson